

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykdæla, Hitaveitu Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum og tengigjald kaldavats- og fráveitna Þingeyjarsveitar.

1. gr.

Hitaveita Reykdæla og Hitaveita Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir orkuveitusvæði hitaveitunnar. Verð í gjaldskrá þessari er án virðisaukaskatts en virðisaukaskattur á húshitun og heimæðar hitaveitu er nú 11%. Á heimæðar kaldavatsveitu leggst ekki vsk. Lesið er af mælum notenda í desember ár hvert með þeirri undantekningu að lesið er af mælum Laugafisks mánaðarlega.

2. gr.

Gjald fyrir afnot af hitaveituvatninu er sem hér segir:

| | | | |
|---|-----|-------|--------------------|
| a) Fyrir vatn 56°C og heitara skv. mæli | kr. | 66,08 | pr. m ³ |
| b) Fyrir vatn 51°C til 55°C skv. mæli | kr. | 50,43 | pr. m ³ |
| c) Fyrir vatn 50°C og kaldara skv. mæli | kr. | 38,24 | pr. m ³ |
| d) Orkugjald Laugafisks skv. mæli | kr. | 39,99 | pr. m ³ |
| e) Orkugjald á nýttu framhjärennslu | kr. | 26,45 | pr. m ³ |
| f) Sundlaugar einstaklinga | kr. | 31,33 | pr. m ³ |
| g) Mælagjald | kr. | 3.195 | pr. mánuð |

Heimilt er að innheimta lokunargjald vegna vanskila eða misnotkunar. Hitaveitunni er einnig heimilt að setja búnað hjá notendum sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

Til að njóta sérstaks gjalds vegna vatns í sundlaugar einstaklinga skulu lagnir að þeim búnað sérstökum aukamæli.

Lífeyrisþegar njóta 30% afsláttar af rúmmetragjaldi sundlaugarvatns almennings.

3. gr.

Greitt er mánaðarlega samkvæmt áætlun sem miðuð er við álestur vegna notkunar og hitastigs árið á undan og spá um vatnsnotkun komandi árs. Þar til rennslismælir hefur verið settur upp eða mælir bílar áætla veitan vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf viðkomandi húss. Mælistærð er ákveðin af starfsmönnum hitaveitunnar.

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykdæla og Hitaveitu Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum og kaldavatsveitna Þingeyjarsveitar skal vera 233.371 kr. fyrir eina heimæð og miðast verðið við að inntakið sé að hámarki 32 mm. Fari heimæðin umfram 100 metra greiðast kr. 3.694 fyrir hvern metra. Veitunum er heimilt að breyta heimæðargjaldi þessu í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu. Gjald fyrir sérstaka hitaveitu með sérinntaki úr stofnlögn í útihús skal vera hið sama og almennt heimæðargjald.

Þá skal innheimt T-gjald (tengigjald) þegar lagt er í hús utan skipulagðrar íbúðabygðar sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið hefur skyldur samkvæmt samningi. T-gjaldið skal vera 173.637 kr. fyrir heitt vatn, 95.034 kr. fyrir kalt vatn og fyrir fráveitu 81.258 kr. Öll gjöld samkvæmt grein þessari skulu bundinn breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins hjá Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987 um vísitölu byggingarkostnaðar (249.102 kr./m² byggingarvísitala 100 stig í desember 2021).

5. gr.

Innfalið í heimæðargjöldum er lögn frá stofnæð inn fyrir vegg með stofnloka, rennslismæli og inntaksloka við hann sem eru eign veitnanna. Aðrar lagnir og búnað húsgrindar og búnað vegna hitaveitu innanhúss leggur húseigandi til og eru því eign hans.

6. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni 6.420 kr.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 14. desember 2023, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykdæla, Hitaveitu Þingeyjarsveitar á Stóru-tjörnum og tengigjald kaldavats- og fráveitna Þingeyjarsveitar nr. 407/2023.

Þingeyjarsveit, 10. janúar 2024.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 25. janúar 2024